

Samstarf slökkviliða og leikskóla um eldvarnir og fræðslu

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands (EBÍ) hefur látið útbúa vandað og fjölbreytt efni sem slökkvilið um allt land geta notað til þess að koma á samstarfi við leikskóla um eldvarnir og fræðslu. Gert er ráð fyrir að slíkt samstarf standi um óákveðinn tíma. Sérstakir aðstoðarmenn slökkviliðanna í verkefninu eru slökkviálfarnir Logi og Glóð sem eru jafnframt helsta auðkenni verkefnisins. EBÍ lætur slökkviliðunum efnið í té án endurgjalds samkvæmt pöntun. Hér á eftir fer lýsing á verkefninu. Einnig er bent á fylgiskjal þar sem er að finna myndir af öllum gögnum sem tengjast verkefninu.

Markmið verkefnisins er þrjúþætt:

1. Að tryggja að eldvarnir í leikskólunum verði ávallt eins og best verður á kosið.
2. Að veita elstu börnunum fyrstu fræðslu um eldvarnir og kynna fyrir þeim störf slökkviliðsmanna og búnað.
3. Að minna foreldra og forráðamenn barnanna á mikilvægi þess að hafa eldvarnir heimilisins í lagi og veita þeim leiðbeiningar um hvernig ná má því marki.



Verkaskipting samstarfsaðilanna

Við upphaf verkefnisins gera aðilar með sér samkomulag um eldvarnir og fræðslu og slökkviliðið afhendir ýmis gögn sem tengjast verkefninu (sjá umfjöllun um fræðsluefni og önnur gögn). Í samkomulagi um eldvarnir og fræðslu er kveðið á um hlutverk aðilanna:

Hlutverk slökkviliðsins

Slökkviliðið heimsækir leikskólann tvisvar sinnum á ári hverju, samkvæmt samkomulagi við leikskólann. Í fyrri heimsókn fara fulltrúar slökkviliðsins yfir ástand eldvarna með leikskólastjóra og öðru starfsfólki. Þegar verkefnið hefst með fyrstu heimsókn slökkviliðsins gera aðilar sem fyrr segir með sér samkomulag um eldvarnir og fræðslu. Þá afhendir slökkviliðið leikskólanum eftirfarandi gögn:

- Möppuna Eldvarnir í leikskólanum sem inniheldur ýmis gögn um verkefnið og eigið eldvarnaeftirlit.
- Veggspjald sem sýnir þau atriði sem aðgæta þarf mánaðarlega. Á því er gert ráð fyrir að merkt verði við þegar mánaðarlegt eftirlit hefur farið fram og hvenær rýmingaræfing var haldin. Nýtt veggspjald verður afhent árlega.
- Viðurkenningarskjöl fyrir öll börnin í elsta árgangi leikskólans hverju sinni.



Í síðari heimsókn hitta slökkviliðsmenn elsta árganginn á leikskólanum, ræða við börnin um eldvarnir, segja þeim frá starfi slökkviliðsmanna og sýna þeim ýmsan búnað. Þá afhendir slökkviliðið þessi gögn:

- Hvert barn fær möppuna Slökkviliðið mitt. Í henni eru verkefni fyrir börnin (sjá lýsingu síðar) og skilaboð til foreldra. Gert er ráð fyrir að börnin vinni verkefnin á leikskólanum en taki möppuna svo með heim með viðurkenningarskjalinu í.

Hlutverk leikskólans



Gert er ráð fyrir að samkomulag um eldvarnir og fræðslu sé undirritað í fyrstu heimsókn slökkviliðsins og það fari á vegg við inngang á allar deildir leikskólans svo foreldrum sé ljós tilvist þess og geti kynnt sér efni þess.

Samkvæmt samkomulaginu sér leikskólinn til þess að eldvarnir séu ævinlega í lagi. Í því skyni framkvæmir leikskólinn eigið eldvarnaeftirlit mánaðarlega samkvæmt gátlista hér í möppunni. Ennfremur gerir leikskólinn rýmingaráætlun og æfir rýmingu árlega samkvæmt leiðbeiningum.

Gert er ráð fyrir að börnin í elsta árganginum taki þátt í mánaðarlegu eftirliti ásamt starfsfólki, svo mörg hverju sinni að allir fái að taka þátt að minnsta kosti einu sinni. Æskilegt er að starfsfólk gangi áður úr skugga um að umrædd atriði séu í lagi. Þau fara síðan og aðgæta öll sex atriðin sem nefnd eru í gátlista og merkja jafnóðum við í gátlistann. Starfsmenn útskýra fyrir börnunum mikilvægi þess að umrædd atriði séu í lagi. Loks er merkt við í viðeigandi reit á veggspjaldinu til að staðfest að eftirlit hafi farið fram í viðkomandi mánuði. Veggspjaldið hangir uppi á áberandi stað á deildinni.

Þegar starfsmenn slökkviliðsins heimsækja leikskólann öðru sinni og síðan árlega upp frá því sýnir leikskólinn fram á að mánaðarlegt eftirlit hafi farið fram og rýming hafi verið æfð á undangengnu ári, eða frá síðustu heimsókn. Enn fremur leggur leikskólinn þá fram umbeðin gögn.

Þegar slökkviliðsmenn koma í síðari heimsókn sér leikskólinn um að börnin skilji og leysi verkefnin í möppunni Slökkviliðið mitt og taki hana síðan með sér heim til að sýna foreldrum og forráðamönnum. Áður en að þessari heimsókn kemur hefur leikskólinn ritað nöfn allra barnanna á viðurkenningarskjöl sem afhent eru í fyrri heimsókn.




Fræðsluefni og önnur gögn

Slökkviliðið lætur leikskólunum í té margvíslegt fræðsluefni og gögn sem nýtast leikskólunum, börnunum og foreldrum þeirra.





Samkomulag um eldvarnir og fræðslu

Gert er ráð fyrir að samkomulagið fari á vegg við inngang á allar deildir leikskólans svo foreldrum/forráðamönnum sé ljós tilvist þess og þeir geti kynnt sér efni þess.



Eldvarnir í leikskólanum – mappa


Hver leikskóli fær afhenta möppu eins og þessa. Í henni eru upplýsingar um eigið eldvarnaeftirlit, rýmingaráætlun, rýmingaræfingu og fleira.







Veggspjald

Veggspjaldið sýnir með myndrænum hætti þau atriði sem aðgæta þarf í mánaðarlegu eftirliti. Á því er reitur fyrir hvern mánuð ársins og er gert ráð fyrir að hakað sé í viðeigandi reit í hvert sinn sem mánaðarlegt eftirlit hefur farið fram. Enn fremur er gert ráð fyrir að á veggspjaldið sé rituð dagsetning rýmingaræfingar viðkomandi árs. Nýtt veggspjald verður afhent árlega.



Viðurkenningarskjal

Hvert barn fær viðurkenningarskjal við lok síðari heimsóknar slökkviliðsins. Gert er ráð fyrir að í lok dags verði skjalið lagt í möppuna *Slökkviliðið mitt* og barnið taki það með sér heim í möppunni. Leikskólinn sér um að rita nöfn barnanna á skjalið á milli heimsókna.






Slökkviliðið mitt - mappa

Hvert barn fær möppu sem það merkir sér með nafni og mynd. Ýmis verkefni og upplýsingar er að finna í möppunni:

1. Á blaðsíðu tvö eru tvær þrautir sem börnin leysa. Skýring fylgir efra verkefninu en í því neðra er gert ráð fyrir að börnin tengi saman skylda hluti.
2. Á blaðsíðu þrjú er mynd með skýringum en í auða svæðið fyrir neðan hana er gert ráð fyrir að börnin teikni mynd að eigin vali. Á flipann fyrir neðan er gert ráð fyrir að límd verði mynd af barninu og nafn þess ritað.
3. Á baksíðunni eru skilaboð til foreldra og forráðamanna og því er mikilvægt að börnin taki möppuna með sér heim og sýni foreldrum og forráðamönnum hana.



Bæklingur um eldvarnir á sjö erlendum tungumálum

Þegar barn á foreldra/forráðamenn sem ekki lesa íslensku lætur slökkviliðið í té bæklinga um grunnatriði eldvarna á sjö erlendum tungumálum, auk íslensku, og er það gert ráð fyrir að bæklingurinn sé í lagður í möppuna sem barnið fær með sér heim. Um er að ræða tvo bæklinga. Annar er á íslensku, pólsku, rússnesku og litháísku. Hinn er á ensku, spænsku, tælensku og serbnesku.

